



## Starf Flugklasans Air 66N 16. október 2024 – 25. mars 2025

Hér verður gerð grein fyrir því helsta í starfi Flugklasans Air 66N undanfarna mánuði.

### Markaðssetning

Flugklasinn hefur tekið þátt ferðasýningum og vinnustofum eins og áður til að kynna nýjar flugleiðir. Mikil vinna hefur farið í að hvetja innlenda og erlenda ferðasöluaðila til þess að nýta nýja möguleika í flugi beint til Akureyrar.

Sýningar þar sem Flugklasinn hefur átt fulltrúa:

- WTM í London 5.-7. nóvember
- Mannamót í Kópavogi 16. janúar
- Summer Event í Hollandi á vegum Voigt Travel 26. janúar
- Mid-Atlantic í Reykjavík 31. janúar
- ITB í Berlín 4.-6. mars

Móttaka blaðamanna og fulltrúa frá ferðaskrifstofum (FAM ferðir) er nú sem fyrr mikilvægur liður í starfi Flugklasans. Hér er upptalning á því helsta síðustu mánuði:

- 12. – 16. nóv: FAM ferð fyrir fulltrúa frá 9 breskum ferðaskrifstofum frá Manchester. Ferðin heppnaðist vel og skilaði ánægðum gestum sem voru mun fróðari um áfangastaðinn en áður.
- 16. – 19. nóv: Blaðamannaferð frá Bretlandi á vegum Íslandsstofu og Flugklasans í samstarfi við easyJet. Í hópnum voru fjórir blaðamenn, frá Escapism Magazine, Country Living, Prima og Time Out. Þrjú komu frá London, ein frá Manchester.
- 11. – 15 feb: Voigt Travel sendi 2 blaðamenn frá Hollandi sem skrifa fyrir Saar Magazine.
- 18. – 22. Feb. Blaðamaður frá National Geographic Traveller kom og ferðaðist um Norðurland ásamt fjölskyldu sinni. Ferðin skipulögð í samstarfi við bresku ferðaskrifstofuna Discover the World.
- Feb/Mars 2025 – Blaðamannaferð sem unnin var í samstarfi við Icelandair. Tveir blaðamenn, Randi Mann frá Kanada (The National Post) og Susser Feit frá Danmörku (ferðablað Berlinske Tidende).
- Mars 2025 - Tveir blaðamenn komu í heli-skiing ferð og voru hjá Arcti Heli Skiing.

Efnisframleiðsla var haldið áfram á tímabilinu. Bætt var verulega við myndabankann, aðallega vetrarmyndir með áherslu á jól, fjöll og norðurljós. (100 stk.). Einnig voru framleidd þrjú ný myndbönd fyrir samfélagsmiðla.

### Flugfélög/Ferðaskrifstofur

Starf Flugklasans snýst í auknum mæli um ýmis verkefni í samstarfi við þá aðila sem standa fyrir beinu flugi til Akureyrar, bæði flugfélög (áætlunarflug) og ferðaskrifstofur (leiguflug). Er það viðbót við vinnu við að koma á flugi frá nýjum áfangastöðum, sem einnig er í fullum gangi.



Markaðsstofa Norðurlands  
NORDURLAND.IS

Flugklasinn hefur átt í mjög góðu samstarfi við easyJet í Bretlandi og átt nokkra fundi með fulltrúum þeirra, m.a. á WTM í London og ITB í Berlín. easyJet bætti Manchester við sem áfangastað og í vetur hefur verið flogið tvisvar í viku frá bæði London og Manchester frá byrjun nóvember. Flogið verður frá Manchester til loka mars, en easyJet ákvað að lengja flugtímabilið frá London til loka apríl. Næsta vetur hefst svo flugið frá London í byrjun október en í byrjun nóvember frá Manchester. Þannig hefur félagið bæði bætt við áfangastað og lengt flugtímabilið strax á öðru starfsári, sem sýnir hug easyJet til að festa áfangastaðinn í sessi.

Flugklasinn hefur lengi átt í mjög virku samstarfi við hollensku ferðaskrifstofuna Voigt Travel og það góða samstarf heldur áfram. Voigt Travel stóð fyrir 10 leiguflugum leiguflugum frá Amsterdam í vetur eins og undanfarin ár. Þessi flug hafa gengið vel og stefnt að því að halda þeim áfram næstu misseri. Í sumar eru á dagskrá vikulegar flugferðir frá Amsterdam, en leiguflug síðustu sumur hefur verið frá Rotterdam flugvelli. Amsterdam gæti höfðað betur til íslenskra ferðalanga, en sem fyrr er hægt að kaupa miða í þessi leiguflug hjá Verdi Travel.

Þann 26. janúar tók Flugklasinn þátt í viðburði í Hollandi á vegum Voigt Travel, og kynnti Norðurland og það sem svæðið hefur upp á að bjóða. Viðburðurinn var vel sóttur og var greinilegt að áhugi á Íslandi er sífellt að aukast meðal ferðamanna sem velja að ferðast til norðlægra slóða.

Flugfélagið Edelweiss í Sviss mun halda úti áætlunarflugi til Akureyrar frá Zurich í sumar. Flogið verður vikulega frá seinnihluta júní fram í ágúst. Tengingin við Zurich er mjög áhugaverð, þar sem mjög auðvelt er að tengja Akureyri í einum miða við fjölmarga áfangastaði í mið- og suður Evrópu.

Ferðaskrifstofan Kontiki í Sviss stóð fyrir leiguflugi frá Zurich til Akureyrar í vetur. Um er að ræða sömu áætlun og síðasta vetur, 6 vikuleg leiguflug í febrúar og mars og Edelweiss annaðist flugið sem fyrr. Þessi flugferðir gengu vel sem endurspegladist í mikilli ánægju gestanna. Kontiki var einnig ánægt með gott samstarf við birgja hér og hefur ákveðið að halda sömu áætlun næsta vetur.

Verkefnastjóri Flugklasans átti fund með fulltrúum Ícelandair í byrjun mars. Efni fundarins var að vekja athygli Ícelandair á tækifærum sem felast í auknu flugi um Akureyrarflugvöll og hvetja félagið til að nýta þau tækifæri.

Flugklasinn nýtti sér áfram vinnu ráðgjafanna Chris Hagan og Wietse Dijkstra við ýmsar greiningar og markaðssókn. Flugklasinn vann einnig áfram með Nature Direct hópnum, en Nature Direct er samstarfsverkefni Íslandsstofu, Isavia, Markaðsstofu Norðurlands (Flugklasans) og Austurbrúar um markaðssetningu alþjóðaflugvallanna á Akureyri og Egilsstöðum. Samstarfið hefur gengið vel og er mikilvægur hluti vinnunnar við að greina ný tækifæri fyrir beint flug í framtíðinni.

## Innra starf

Flugklasinn stóð fyrir ráðstefnunni Flug til framtíðar í Hofi á Akureyri þann 18. Nóvember. Þar var rætt um Norðurland sem áfangastað og tækifærin sem beint millilandaflug til Akureyrar fela í sér. Sömuleiðis var rætt um uppbyggingu flugvallarins og efnahagsleg áhrif millilandaflugs. Flugklasinn fékk bæði innlenda og erlenda fyrirlesara og tókst ráðstefnan mjög vel í alla staði. Upptökur af ráðstefnunni má finna á heimasíðu MN á eftirfarandi slóð: <https://www.northiceland.is/is/mn/frettir/upptaka-og-kynningar-fra-flugi-til-framtidar>

Stækkuninni á flugstöðinni er lokið og var ný aðstaða formlega vígð 5. desember. Er það frábær áfangi í uppbyggingunni á flugvöllinum og ber að fagna. Hins vegar er ljóst að frekari stækkun þarf til að þjóna flugfarþegum og þjónustuaðilum í framtíðinni.



Markaðsstofa Norðurlands  
NORDURLAND.IS

Vonir standa til að nýtt GPS aðflug úr suðri verði tilbúið til notkunar í vor eða snemma í sumar. Þetta nýja aðflug mun auka verulega öryggi og nýtingarmöguleika flugvallarins.

Fjármögnun Flugklasans er ekki trygg til lengri tíma. Í nóvember 2024 tókst að tryggja fjármögnun frá ríkinu til tveggja ára (út árið 2026) en samningar við sveitarfélögin renna út í lok þessa árs. Búið er að boða fundi með fulltrúum sveitarfélaga í byrjun apríl til að ræða stöðuna og næstu skref varðandi fjármögnun.

## Hvað er fram undan?

Flugklasinn mun halda áfram markaðssetningu til ferðaskrifstofa. Annars vegar með því að sækja sýningar og vinnustofur sem eru fram undan, og hins vegar með því að halda áfram beinni sókn á ferðaskrifstofur til að setja upp annaðhvort leiguflug eða styðja við áætlunarflug beint til Akureyrar. Almenn markaðssetning heldur einnig áfram með hefðbundnum hætti, sem og framleiðsla og birting á nýju efni.

Flugklasinn stendur fyrir, í samstarfi við Austurbrú og Íslandsstofu (Nature Direct), vinnustofum í London og Manchester 2. og 3. apríl n.k. Alls munu 17 fyrirtæki frá Norður- og Austurlandi senda fulltrúa sína á vinnustofurnar til að kynna áfangastaðinn og sitt vöruframboð fyrir ferðasöluaðilum þar í landi. Eru þessar vinnustofur mikilvægt skref til þess að styðja við Bretlandsflug easyJet og auka sýnileika áfangastaðarins Norðurlands á breskum markaði.

Samstarfið í Nature Direct hópnum heldur áfram. Fyrri hluta apríl munu fulltrúar hópsins sækja ráðstefnuna Routes Europe, þar sem flugfélög og áfangastaðir eiga fundi um núverandi og framtíðar flugleiðir.

Flugklasinn mun eiga fulltrúa á vinnustofum, sem Íslandsstofa skipuleggur, í Hollandi og Sviss í lok maí. Beint flug til Akureyrar er í boði frá bæði Amsterdam og Zurich og þessar vinnustofur eru því frábært tækifæri til að vekja meiri áhuga á Norðurlandi meðal ferðasöluaðila á þessum mörkuðum og kynna möguleika á beinum tengingum.

Vinna með þeim aðilum sem eru að standa fyrir flugi mun halda áfram. Vinna með easyJet mun áfram verða fyrirferðamikil og mun Flugklasinn leggja áherslu á að easyJet auki framboð sitt á flugi í framtíðinni. Áhersla er að ná inn beinu flugi frá fleiri áfangastöðum og verður markvisst unnið að því á næstu mánuðum. Flugklasinn mun einnig fylgjast með framgangi mála í uppbyggingu Akureyrarflugvallar og halda áfram að veita aðhald þar.

Mikilvægt er að tryggja fjármagn til áframhaldandi starfs klasans til lengri tíma. Búið er að boða fundi með fulltrúum sveitarfélaga í byrjun apríl þar sem þau mál verða rædd.

Akureyri, 25. mars 2025

Hjalti Páll Þórarinsson

Verkefnastjóri Flugklasans Air 66N